

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/451*  
*komudagur 29.11.2011*

29. nóvember 2011

Frá stórn Rithöfundasambands Íslands varðandi - Til umsagnar - 91. mál frá allsherjar- og menntamálanefnd

Stjórn Rithöfundasambands Íslands fagnar þeim áhuga á íslensku og ljóðrækt sem kemur fram í framlagðri þingsályktunartillögu, en leggur ríka áherslu á að Háskóli Íslands móti sjálfur hvernig best sé að háttá nýju prófessorsembætti af þessu tagi.

Prófessorsembætti sem er kennt við Jónas Hallgrímsson væri vel til fundið, ekki síst ef markmiðið með stofnun þess væri stuðningur við ljóðrækt á breiðum grundvelli, bæði klassískum og nýstárlegum, enda var Jónas sjálfur síður en svo fastur í kreddum og hefðum, heldur miklu fremur byltingarkenndur uppfinningamaður sem þorði að ögra viðteknum hugmyndum samtíma síns um tungumálið.

f.h stjórnar  
Kveðja

Ragnheiður Tryggvadóttir  
framkvæmdastjóri  
Rithöfundasamband Íslands  
Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík  
568 3190, [rsi@rsi.is](mailto:rsi@rsi.is)